

Áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Lárusar Fjeldsted Jakobssonar, fyrir Hæstarétti, Ólafs Gústafssonar hæstaréttarlögmanns, 9.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Skagafjarðarsýslu 2. ágúst 1985.

Ár 1985, föstudaginn 2. ágúst var í sakadómi Skagafjarðarsýslu af Hilmarí Baldurssyni, fulltrúa sýslumanns, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr 102/1985: Ákærvaldið gegn Lárusi Fjeldsted Jakobssyni, Þangsstöðum á Hofsósi, fæddum 5. janúar 1945 á Sauðárkróki, fyrir að hafa, dag einn seint í septembermánuði 1984, selt falsaðan tékka í Söluturninum Vesturgötu 14 í Reykjavík, útgefinn 19.09. 1984 á eyðublað nr. 2454688 frá Austurbæjarútibúi Búnaðarbanka Íslands í Reykjavík á reikning nr. 24161, stílaðan á handhafa að fjárhæð kr. 2.500,00 með fölsuðu nafni Stefáns Ólafssonar og framsali ákærða sjálfs.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

— — —

Miðvikudaginn 23. apríl 1986.

Nr. 4/1986.

Ákærvaldið

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Óskari Kjartanssyni

(Jón Bjarnason hrl.)

Rangur framburður fyrir dómi. Fjádráttur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Héraðsdómi var áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 30. desember 1985 að ósk ákærða og jafnframt af hálfu ákærvalds til þyngingar. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 30. janúar 1986.

Staðfesta ber þá niðurstöðu héraðsdóms að ákærði hafi brotið gegn 1. mgr. 142. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 sbr. 12. gr. laga nr. 101/1976 með röngum framburði fyrir skiptarétti Reykjavíkur 14. febrúar 1983.

Síðari liður ákæru, er fjallar um fjárdrátt, er eigi svo greinilegur sem skyldi. Er ekki fyllilega ljóst hvort ákærða er gefið að sök að hann hafi dregið sér alla innistæðu sparisjóðsbókanna, 262.971,06 krónur, eða einungis þær 80.000,00 krónur er hann hafði tekið út úr bókunum. Þykir varlegast að miða við að fjárdráttarákæran taki aðeins til lægri fjárhæðarinnar. Með þessari athugasemd ber að staðfesta þá niðurstöðu héraðsdóms að ákærði hafi brotið gegn 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga með því að draga sér samtals 80.000,00 krónur.

Refsing ákærða þykir með hliðsjón af 77. gr. hegningarlaga hæfilega ákveðin 4 mánaða fangelsi skilorðsbundið til tveggja ára.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og dæma ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, svo sem greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Óskar Kjartansson, sæti fangelsi 4 mánuði. Fresta skal fullnustu refsingar og falli hún niður eftir 2 ár frá uppkvaðningu dóms þessa ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940 sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í rikissjóð, 12.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Bjarnasonar hæstaréttarlögmanns, 12.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 12. desember 1985.

Ár 1985, fimmtudaginn 12. desember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Jóni Erlendssyni sakadómar, kveðinn

upp dómur í sakadómsmálinu nr. 698/1985: Ákærvaldið gegn Óskari Kjartanssyni, sem tekið var til dóms 9. þ.m.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 14. mars 1985, „fyrir sakadómi Reykjavíkur á hendur Óskari Kjartanssyni bókbindara, Karlagötu 18, Reykjavík, fæddum 4. febrúar 1925 í Vestmannaeyjum, fyrir rangan framburð og fjárdrátt.

I.

Ákærða er gefið að sök að hafa í þinghaldi í skiptarétti Reykjavíkur mánudaginn 14. febrúar 1983 við upphaf skiptameðferðar á dánarbúi Sesselju Jörundsdóttur, sem síðast bjó að Mánagötu 8, Reykjavík, og lést 15. janúar 1983, er ákærði fór með fjárreiður fyrir, borið það ranglega að „aðrar eignir...“ en íbúð að Mánagötu 8, kjallara, ásamt innbúi „hafi látna ekki látið eftir sig...“

Telst þetta brot ákærða varða við 1. mgr. 142. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 12. gr. laga nr. 101, 1976.

II.

Þá er ákærða gefið að sök að hafa, þegar ákærði skilaði af sér fjárreiðum búsins, sbr. I. lið, dregið undan skilum og haldið í vörslum sínum tveimur sparisjóðsbókum hinnar látnu við Alþýðubankann hf. sem hér greinir:

a) Nr. 312762 með innstæðu	kr. 190.488,85
b) Nr. 407860 með innstæðu	— 72.482,21
Innstæða samtals kr. 262.971,06	

Af innstæðu bókar samkvæmt a) lið tók ákærði út eftirgreindar fjárhæðir og fénýtti í eigin þágu:

2. september 1983	kr. 25.000
28. nóvember 1983	— 25.000
1. febrúar 1984	— 30.000
Úttektir samtals kr. 80.000	

Endurgreiðslur ákærða og skil:

Við yfirheyrslu hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins þann 6. júní 1984 endurgreiddi ákærði af framangreindum fjárdrætti sínum kr. 80.000 og afhenti áðurgreindar sparisjóðsbækur, þá fyrri með innstæðu kr. 181.234,64, og þá síðari með innstæðu kr. 72.482,21, auk óinnfærðra vaxta kr. 28.628,57.

Telst brot ákærða, sem í II. kafla getur, varða við 1., sbr. 2. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta ef krafist verður, en þá að frádregnum endurgreiðslum sem í II. kafla greinir, og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Samkvæmt sakvottorði ákærða hefur hann ekki sætt refsingum svo kunnugt sé.

Málavextir:

Upptök máls þessa voru þau að skiptaráðandinn í Reykjavík sendi RLR kæru, dagsetta 17. maí 1984. Þar segir að samkvæmt ósk Sjálfsbjargar, landssambands fatlaðra, einkaerfingja dánarbús Sesselju Jörundsdóttur og að gefnu sérstöku tilefni, hafi Útvegsbanka Íslands, Búnaðarbanka Íslands og Alþýðubankanum hf. verið skrifað bréf og spurst fyrir um afdrif banka-innstæðna sem hin látna átti og ekki komu fram við skipti á dánarbúi hennar. Ákærði hafi tekið út innstæður dánarbúsins í þessum bönkum enda þótt hann hafi lýst því yfir í þinghaldi í skiptarétti Reykjavíkur 14. febrúar 1983 að búið ætti ekki aðrar eignir en tilgreinda íbúð og innbú.

Samkvæmt endurriti úr skiptabók Reykjavíkur var þann 14. febrúar 1983 byrjuð skiptameðferð á dánarbúi Sesselju Jörundsdóttur, síðast til heimilis að Mánagötu 8, Reykjavík, sem lést 15. janúar 1983.

Mættur var í réttinum Óskar Kjartansson, Austurstræti 16, Reykjavík, ákærði í máli þessu, en hann var kunningi hinnar látnu og tilkynnti andlát hennar til skiptaréttarins 25. janúar 1983.

Að sögn ákærða voru eignir hinnar látnu íbúð að Mánagötu 8 í kjallara og innbú í íbúðinni. Síðan segir í endurritinu eftir ákærða að „aðrar eignir hafi hin látna ekki látið eftir sig og ekki skuldað neitt.“

Við uppskrift á dánarbúinu þann 21. mars 1983 var mættur að tilstuðlan fógeta f.h. Sjálfsbjargar, landssambands fatlaðra, Eiríkur Einarsson. Í endurriti segir að ekki hafi komið fram aðrar eignir en nefnd íbúð að fasteignamati kr. 220.000,00 og hlutabréf í E.Í. að nafnverði kr. 1.600,00. Þá var og réttarvotturinn skipaður til að meta innbúsmuni.

Framhald uppskriftar á dánarbúinu fór fram í skiptaréttinum 20. maí 1983, þá að viðstöddum Eiríki Ragnarssyni, skrifstofustjóra Sjálfsbjargar. Búið var þá afhent til einkaskipta þar sem skilyrði til þess voru fyrir hendi.

Sjálfsbjörg var erfingi hinnar látnu samkvæmt erfðaskrá frá 9. júní 1969 og annarri efnislega samhljóða frá 9. október 1970.

Ákærði gaf fyrst skýrslu hjá RLR 6. júní 1984. Þar kemur fram, að ákærði hafði undir höndum bankabækur hinnar látnu en lét þeirra ógetið í skiptaréttinum 14. febrúar 1983. Hann sá um útför hinnar látnu og notaði fé af áðurnefndum bókum hennar til greiðslu á kostnaði sem útförinni fylgdi. Fóru þær greiðslur að mestu fram í janúar og febrúar 1983.

Ákærði nefnir í skýrslunni að hann hafi átt að fá einhverja þóknun fyrir aðstoð sína við hina látnu í lifandi lífi hennar en hún hafi verið veik síðustu æviárin. Hann hafi hins vegar ekkert skriflegt um það frá henni. Hann tók fram að hann hafi ætlað að skila erfingjum hennar bankabókunum, en ekkert hafi heyrst frá þeim og hann því haldið að sér höndum. Ákærða var kunnugt um erfðaskrá Sesselju.

Ákærði kveðst síðan hafa tekið út af bókunum fyrir sig og lagt inn á eigin bók í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis. Voru það samtals kr. 80.000,00, samanber aðra skýrslu ákærða hjá RLR þann 8. júní 1984.

Ákærði nefnir að lokum að Sesselja hafi oft viljað greiða honum fyrir snúninga sem hann gerði fyrir hana, en hann aldrei viljað taka neitt fyrir þá.

Í lok síðari skýrslu ákærða hjá RLR kemur fram, að hann samþykkir að endurgreiða þessar kr. 80.000,00. Í framhaldi af því fór Guðmundur Guðjónsson, rannsóknarlögreglumaður, sama dag með honum í Sparisjóðinn og tók ákærði þar út kr. 80.000,00 og afhenti RLR og var sú upphæð strax greidd til skiptaráðanda.

Í málinu liggja fyrir reikningar sem ákærði greiddi af peningum úr bankabókum hinnar látnu, samtals kr. 17.966,00. Þá nefnir ákærði fleiri kostnaðarliði í skýrslu sinni hjá RLR.

Fyrir dómi þann 20. f.m. kvaðst ákærði hafa sagt skiptaráðanda frá hlutabréfum hinnar látnu í Eimskip og hafa vísað á þau í íbúðinni þótt það komi ekki fram í endurriti af skiptabókinni. Þá minntist hann þess ekki að hafa verið inntur svo nákvæmlega eftir eignum og skuldum hinnar látnu sem endurrit úr skiptabók virðist bera með sér. Þessar viðbáur ákærða þykja haldlausar.

Ákærði hefur haldið því fram hjá RLR og fyrir dómi, að honum hafi borið þóknun fyrir ýmsan erindrektur fyrir Sesselju. Í dóminum taldi ákærði að nær hefðu verið 150.000 en 80.000.

Ekki verður úr því skorið í þessu máli hvort eða hve mikla þóknun ákærði hafi átt að fá eða eigi að fá af fjármunum dánarbúsins. Hitt er ljóst að hann hefur aldrei komið með neina formlega og sundurliðaða kröfu á búið og hefur aldrei rökstutt það að hann hafi unnið til 80.000 króna, hvað þá heldur 150.000 króna. Þvert á móti sagði ákærði hjá RLR þann 6. júní 1984 að hann hefði ætlað sér að skila erfingjunum bankabókum hinnar látnu, en það hefði bara ekkert heyrst frá þeim. Og í framhaldi af yfirheyrslu hjá RLR þann 8. júní 1984 fór ákærði með rannsóknarlögreglumanni í Sparisjóð Reykjavíkur og nágrennis og tók út kr. 80.000,00 og greiddi þá fjárhæð til RLR sem kom henni strax til skiptaráðanda.

Ákærði hefur látið að því liggja að sér hafi ekki verið kunnugt um aðra

forsvarsmenn Sjálfsbjargar en Eirík Einarsson. Þessu verður ekki trúað og tómlæti ákærða sjálfs ekki afsakað með þessu.

Vitnið María Eggertsdóttir kom fyrir dóm þann 5. þ.m. svo og maður hennar, Ingólfur Einarsson. Áður hafði komið fyrir dóminn þann 20. f.m. vitnið Eiríkur Einarsson, áður nefndur. Öll komu þau fyrir dóminn fyrir atbeina ákærða og báru honum söguna vel. Hann hefði alla tíð reynst Sesselju vel og væri alls góðs maklegur. Ekki verða framburðir þeirra raktir frekar hér.

Niðurstöður:

I. kafli ákæru.

Sannað þykir, að ákærði hafi brotið gegn 1. mgr. 142. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 12. gr. laga nr. 101, 1976, þegar hann í skiptarétti Reykjavíkur þann 14. febrúar 1983 skrifar undir bókun þess efnis, að aðrar eignir en þar eru greindar hafi hin látna ekki látið eftir sig, enda þótt ákærði væri með undir höndum bankabækur hinnar látnu sem höfðu að geyma verulegar fjárhæðir.

II. kafli ákæru.

Þá þykir einnig sannað að ákærði hafi gerst brotlegur við 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga með því að taka út af einni bankabók hinnar látnu þann 2. september 1983 kr. 25.000,00, 28. nóvember 1983 kr. 25.000,00 og 1. febrúar 1984 kr. 30.000,00 og leggja inn á sína eigin sparisjóðsbók í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis.

Ákærði hefur hreint sakavottorð og því aldrei gerst brotlegur við lög. Þá hefur hann sér til málsbóta að hafa undir rannsókn málsins staðið skil á nefndum fjárhæðum, samtals kr. 80.000,00.

Með hliðsjón af þessu og atvikum öllum þykir refsing ákærða hæfileg 2 mánaða fangelsi, sem rétt þykir að fresta fullnustu á í 2 ár, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga sbr. lög nr. 22, 1955.

Engin skaðabótakrafa liggur fyrir í málinu.

Þá verður ákærði dæmdur til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Bjarnasonar hrl., kr. 12.000,00.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Óskar Kjartansson, sæti 2 mánaða fangelsi, en fresta skal fullnustu refsingar og hún falla niður að liðnum 2 árum frá dómsuppkvaðningu, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. lög nr. 22, 1955.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Bjarnasonar hrl., kr. 12.000,00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 23. apríl 1986.

Nr. 17/1986. **Ákæruvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Ragnari Heimi Þórðarsyni

(Arnmundur Backman hrl.)

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum. Sönnun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Ásmundur Vilhjálmsson, fulltrúi bæjarfógetans á Akranesi, kvað upp hinn áfrýjaða dóm.

Héraðsdómi var áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 13. janúar sl. að ósk ákærða og jafnframt af hálfu ákæruvalds til þyngingar. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 28. febrúar sl.

Svo sem í héraðsdómi greinir ók ákærði bifreið frá Hótel Akranesi að Esjubraut 19 og síðan þaðan og heim til sín, og er sannað með framburði vitna að hann var undir áhrifum áfengis við aksturinn. Hefur ákærði þannig brotið gegn 2. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968. Ákærði ók á leiðinni á grindverk við húsið Bjarkargrund 46 og laskaði það. Bar honum að sjá um það svo fljótt sem verða mátti að lögreglu yrði skýrt frá óhappinu og með því að láta það undir höfuð leggjast hefur hann gerst brotlegur við 2. mgr. 41. gr. umferðarlaga.

Í ákæru er enn fremur vitnað til 1. mgr. 37. gr. umferðarlaga en ákæra geymir eigi verknaðarlýsingu er svari til þess ákvæðis.